



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS SITUR RANNSÓKNARÞING NORÐURSINS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson situr *Rannsóknarþing norðursins* (Northern Research Forum) dagana 16.-19. september næstkomandi. Þingið er að þessu sinni haldið í Yellowknife í norðvesturhluta Kanada en hið fyrsta var haldið á Íslandi og annað í Rússlandi. Aðalskrifstofa Rannsóknarþings norðursins er rekin af Háskólanum á Akureyri.

Rannsóknarþing norðursins er helgað málefnum norðurslóða og var stofnað til þess að frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands. Það sækja vísindamenn og háskólakennarar, stjórnámamenn, embættismenn, sveitarstjórnarmenn og forystumenn héraðsstjórna frá Kanada, Bandaríkjunum, Rússlandi, Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum.

Helstu viðfangsefni á þinginu í Yellowknife eru skynsamleg hagnýting fjölbreyttra auðlinda sem finna má á norðurhveli jarðar, ræktun menningararfs, uppbygging ferðaþjónustu og öryggismál.

Meðal annarra Íslendinga sem þingið sitja eru Gunnar Pálsson sendiherra og formaður embættismannanefndar Norðurskautsráðsins, Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri, Niels Einarsson forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánsson og Þórleifur Stefán Björnsson frá Háskólanum á Akureyri auk sendiherra Íslands í Kanada Guðmundar Eiríkssonar.

16. september 2004